

Mál nr. 421/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Starfsmaður á frístundaheimili datt í hálku og slasaðist 2.3.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.12. 2016 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 9.1.2017 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M starfar á frístundaheimili sem R rekur og fór út á lóð heimilisins til að ná í stúlku sem farið hafði út. M segist hafa gengið eftir stíg þar sem var mikill snjór og hálka undir og þegar hún hafi gengið niður tröppur af palli rann hún í hálkunni og skall á bakið og svo á hnakkann og slasaðist. M átti bókaðan matsfund hjá lækni og lögfræðingi um það leiti sem hún lenti í slysinu og segir að afleiðingar slyssins þ.2.3.2016 hafi verið þeir að fyrri áverkar mögnuðust og hún hafi orðið verri auk þess að hljóta meiri áverka og því hafi ekki verið hægt að meta áverka hennar vegna umferðarslyssins að svo stöddu. M krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda V vegna vinnuslyss M úr frjálsri ábyrgðartryggingu R og segir af hálfu M að R beri sem eigandi fasteignar og vinnuveitandi M ábyrgð á tjóni hennar. Þá byggir M einnig á almennu skaðabótareglunni. M vísar til þess að skv. lögum skuli vinnustaður þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta en það hafi ekki verið gert og þess vegna hafi M orðið fyrir slysinu. V segir að skv. yfirliti Veðurstofu Íslands hafi jörð verið alþakin þéttum en blautum snjó ofan á klaka. V hafnar bótaskyldu og segir að ekkert sé komið fram því til stuðnings að slys M verði rakið til ófullnægjandi vinnuaðstöðu eða vanrækslu starfsmanna R við hálkuvarnir sem leiði til skaðabótaskyldu R. V segir að ekki hafi verið rökstutt að hvaða leiti skólalóðin hafi ekki uppfyllt ákvæði laga og reglugerða um aðbúnað á skólalóðum eða almenn ákvæði vinnuverndarlaga. V segir að starfsmaður frístundaheimilisins hafi upplýst að að snjór sé mokaður af pallinum þar sem M datt þegar við á og á hverjum degi sé dreift blöndu af salti og sandi á pallinn þegar hált sé. Af hálfu R er því haldið fram að viðeigandi hálkuvarnir hafi verið framkvæmdar daginn sem slysið varð. V segir að ekki liggi fyrir hvort og þá hvenær M upplýsti yfirmenn sína um slysið og segir V að R hafi ekki verið ljóst að slysið væri alvarlegt eða fallið til að valda langvarandi meiðslum þess vegna verði hugsanlegur sönnunarskortur í málinu ekki felldur á R.

Álit.

Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem sýna fram á sök R vegna þess slyss sem hún varð fyrir. Af hálfu R er því haldið fram að viðeigandi hálkuvarnir hafi verið framkvæmdar daginn sem slysið varð, en ágreiningslaust er að snjór var yfir svæðinu ofan á ís. Fullyrðingum R um að svæðið hafi verið hálkuvarið umræddan dag hefur ekki verið hnekkt og þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort og/eða hvenær M tilkynnti yfirmönnum sínum um slysið verður sönnunarbyrðin á aðstæðum á slysstæð ekki lögð sérstaklega á R í þessu tilviki þó að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þar sem ekki er sýnt fram á sök R í því tilviki sem hér ræðir um á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V. vegna slyssins 2.3.2016.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 31.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.